

ERINDISBRÉF¹

Stýrihópur um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Inngangur: Í ljósi þeirra jákvæðu áhrifa sem rannsóknir hafa sýnt að tónlistarnám hafi á námshæfni, heilbrigði og vellíðan nemenda og í samræmi við fyrirheit nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar um eflingu listnáms ákvað skóla- og frístundaráð að hafin verði vinna við að móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavíkurborg með áherslu á jöfn tækifæri barna og ungmenna til tónlistarnáms, almennt aðgengi barna að tónlistarnámi óháð búsetu og efnahag, fjölbreytni varðandi framboð tónlistarnáms og kennsluhætti og aukið samstarf tónlistarskóla við leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðvar og skólahljómsveitir í borginni.

Hlutverk: Hlutverk stýrihóps er að móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík. Hópurinn leggi til leiðir til að mæta ofangreindum markmiðum hvað varðar tónlistarnám barna og ungmenna í Reykjavík á vettvangi tónlistarskólanna og í skólum borgarinnar á grundvelli menntastefnu borgarinnar. Leiðarljós vinnunnar skulu vera jafnræði, fjölbreytni og aðgengi.

Fyrirkomulag: Verkefnisstjóri vinnur með hópnum sem kalli til samstarfs fulltrúa tónlistarskóla, skólahljómsveita og aðra aðila frá vettvangi eftir þörfum. Deildarstjóri listfræðslu á skóla- og frístundasviði starfi með hópnum. Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. okt. 2019.

Helstu verkefni á grundvelli leiðarljósa um jafnræði, fjölbreytni og aðgengi:

- Móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík.
- Skilgreina þarf grunnmarkmið borgarinnar hvað varðar möguleika til tónlistarnáms í hverfum hennar og skilgreina áfanga sem miði að því að jafna tækifærin í borginni í heild. Lögð verði drög að stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavíkurborg.
- Setja þarf fram hugmyndir til að efla samstarf tónlistarskóla við allt skólastarf, frístundastarf og skólahljómsveitir í borginni og hvernig megi styðja við það starf.
- Skoða þarf mögulegar skipulagsbreytingar sem hafi það að markmiði að draga sem mest úr almennum stjórnunar- og rekstrarkostnaði þannig að sem mest af því fjármagni sem

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf

sveitarfélagið úthlutar til tónlistarnáms nýttist til kennslu og að hægt verði að lækka þann kostnað sem fellur á foreldra.

Stýrihópurinn skipa: Alexandra Briem formaður, Elín Oddný Sigurðardóttir og Eyþór Laxdal Arnalds. Sigfríður Björnsdóttir deildarstjóri SFS starfar með hópnum.

Starfsmaður/verkefnisstjóri stýrihópsins:

Grímur Atlason verkefnisstjóri skóla- og frístundasviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Hópurinn kallar á sinn fund þá aðila sem hann telur geta gefið upplýsingar, ráð og tillögur.

Starfstími:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum 1. október 2019.

Reykjavík, 9. maí 2019

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt: